

## Tæknilegur viðauki með umsókn um endurnýjað starfsleyfi fiskimjölsverksmiðju SVN í Neskaupsstað

### 1 Almenn ákvæði.

- 1.1 Rekstaraðili er óbreyttur frá síðasta starfsleyfi, Síldarvinnslan hf, Hafnarbraut 6, 740 Neskaupsstaður, kennitala 570269-7479
- 1.2 Hámarksafköst verksmiðjunnar samkvæmt núgildandi starfsleyfi er 1100 tonn/sólahring. Óskað er eftir aukningu í 1400 tonn/sólahring. Með bréfi til Skipulagsstofnunar dagsettu 25. nóvember 2005 voru breytingar á verksmiðjunni með tilliti til afkastaaukningar tilkynntar til ákvörðunar á matsskyldu framkvæmdann, Niðurstaðan var að framkvæmdirnar þyrftu ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum. Verksmiðjunni er heimil hrognataka og að nýta afskurð frá þeirri vinnslu í framleiðslu sína.
- 1.3 Átak hefur verið gert í að gera hús og umhverfi verksmiðjunnar snyrtilegt með málun, bundnu slitlagi á lóð og gróðursetningu.
- 1.4 Þær breytingar sem gerðar hafa verið á vinnsluferli verksmiðjunnar hafa verið tilkynntar til Umhverfisstofnunar áður en ráðist var í þær.
- 1.5 Verksmiðjan er í gangi nær allt árið, því hefur ekki reynt á þetta.
- 1.6 Engin krafa hefur komið hvað varðar endurskoðun starfsleyfis.
- 1.7 Verksmiðjan hefur skilað árlega „Grænu bókhaldi“ til Umhverfisstofnunar.
- 1.8 Allar breytingar sem hafa verið gerðar á verksmiðjunni í gegnum tíðina hafa snúið að bættri orkunýtingu, rafvæðingu í stað olíu og að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

### 2 Meðhöndlun hráefnis.

- 2.1 Löndunarbúnaður er þéttur og allt hráefni og löndunarvökvi er geymt í geymum. Allur löndunarvökvi og skolvökvi er tekinn til vinnslu í verksmiðjunni.
- 2.2 Geymar eru til staðar sem rúma allt vatn sem fellur til við löndun. Yfirfall frá þeim er leitt í hreinsibúnað.
- 2.3 Fiskur og fiskafskurður er ekki fluttur með flutningstæki að verksmiðjunni.
- 2.4 Hráefnisgeymar eru þéttir, allt blóðvatn úr þeim og skolvatn er tekið til vinnslu í verksmiðjunni.
- 2.5 Fiskafskurður er að jafnaði unnin jafnóðum en rotvarinn með ediksýru ef hann er ekki unnin strax.
- 2.6 Þar sem stór hluti hráefnis berst verksmiðjunni yfir vetrarmánuðina og frá manneldisvinnslu frystihússins yfir sumarmánuðina hefur hámarks TVN gildi ekki verið að há verksmiðjunni, helst hefur TVN gildi verið hátt þegar vinnsluskip hafa landað afskurði, en það hefur lagast með aukinni kælingu hráefnis. Allt hráefni er rotvarið með ediksýru. Kolmunni er kældur um borð í fiskiskipunum.
- 2.7 Íblöndun rotvarnarefna (ediksýru) er gerð með sjálfvirkum skömmtunarbúnaði.

### 3 Varnir gegn mengun ytra umhverfis.

- 3.1 Reynt er að halda loftmengun sem mest niðri með því að vinna ávallt sem ferskast hráefni. Á starfsleyfistímanum hefur verið unnið markvisst að því að draga úr mögulegri loftmengun.

- 3.2 Loftræst er frá öllum helstu einingum í blautvinnslu og leitt í lyktheyðingu. Loft frá mjölvinnslu fer í gegnum rykskilju.
- 3.3 Loft frá gufuburrkara er nýtt til hitunar á glatvarmasoðeimingatækjum og síðan til forhitunar á hráefni, þaðan í þvottaturn og lyktheyðingu. Loft frá loftþurrkurum fer í gegnum rykskilju og þvottaturn, síðan til lyktheyðingar.
- 3.4 Lyktheyðing á afsogslofti frá tækjum og þurrkurum er framkvæmd í tveim skrefum. Þvegið og kælt í sjóþvottaturnum síðan leitt í lyktheyðingaturn þar sem það er þvegið mótstraums með sjó íblönduðum klór (natríumhýpóklótít) og vítisóða (natríumhýdroxíði). Loftið frá lyktheyðingaturninum er síðan leitt út með blásara um 35 m háan skorstein þar sem lofthraði er yfir 20 m/sek.
- 3.5 Hæð skorsteins frá þurrkurum og lyktheyðingu er 35 m og er vel yfir hæð nærliggjandi húsa.
- 3.6 Soðeimingatæki eru útbúinn dropagildru og eru með afköst sem hæfa verksmiðjunni. Allt soðvatn er nýtt.
- 3.7 Hreinsiefni svo sem vítisóði og sýrur er endurnýtt eins og hægt er, og hafa frárennismælingar á PH-gildi sýnt að það er innan leyfilegra marka.
- 3.8 Allt frárennsli frá verksmiðjunni er leitt í hreinsibúnað og fitugildru og fita og föst efni eru tekin til vinnslu í verksmiðjunni. Olúskilja er á frárennsli frá gólfum í olúkatlarými, sögið verður upp úr gildrunni þegar þörf verður á og sent á viðurkenndan förgunarstað.
- 3.9 Mæld eru fita, sviefni og COD í frárennislisvatni.
- 3.10 Árlega er skilað inn frárennismælingum til Umhverfistofnunar.
- 3.11 Frárennsli frá snyrtingum er leitt í almenningsfráveitu, nema frá starfsmannaðstöðu í mjölhúsi sem fer í rotþró, er tæmd eftir þörfum.
- 3.12 Lýsisgeymar eru í lýsisheldri þró sem hefur rúmtak sem nemur 90% af rýmd stærsta geymisins. Að auki er Fjarðarbyggðarhöfn með olúflotgirðingu til að hefta útbreiðslu lýsis sem kynni að fara í sjóinn.
- 3.13 Einungis er um að ræða olúdaggeymi sem er innan við 10 m<sup>3</sup> að stærð.
- 3.14 Heimilísúrgangur (kaffistofuúrgangur) er flokkaður og hluti fer í endurvinnslu, úrgangsolútantur er þjónustaður af olúfélagi, brotajárn fer til endurvinnslu.
- 3.15 Fyrirtækið reynir að nota umhverfisvæn hreinsiefni ef sá kostur er í boði, vítissóði og sýra er endurnýtt.
- 3.16 Ekki hafa borist kvartanir frá nágrönnum vegna hávaða.
- 3.17 Skrifleg viðbragðsáætlun er til staðar, tilkynningar um óhöpp og bilanir berast eftirlitsaðila.
- 3.18
- 3.19 Niðurstöður TVN-gilda og mælingar á frárennsli eru sendar eftirlitsaðila.

#### 4 Innra eftirlit fyrirtækisins.

- 4.1 Fita úr fituskilju er unnin. Magn og gerð spilliefna koma fram í grænu bókhaldi. Gerð er viðhaldsáætlun til að tryggja öruggan rekstur vélbúnaðar verksmiðjunnar.
- 4.2 Eftirlismælingar á TVN-gildi og hitastigi hráefnis er mælt nokkrum sinnum á sólahring. Rennismæling á frárennsli er gerð einu sinni á ári sem og mæling fitu,sviefna og COD. Skráning ástands hráefnis, hitastigs og notkun rotvarnarefna við löndun er skráð.
- 4.3 Viðbragðsáætlun er til staðar hjá fyrirtækinu.

## 5 Tæknilegar upplýsingar.

- 5.1 **Gufukatlar:** Tveir Loos olíukatlar með afköst upp á 12 – 14 tonn/klst gufu hvor og tveir rafkatlar annar með 12 MW uppsett afl hin með 6 MW uppsett afl (stækkanlegur í 14 MW). Olíukatlarnir eru varaafli, og rafmagnið inn á rafkatlana er svokölluð ótryggð raforka.
- 5.2 **Þurrkarar:** Einn Haarslev gufuþurrkari með eimingarafköst upp á 5000 kg/klst, tveir Hetland heitloftþurrkarar með eimingarafköst upp á 14 tonn/klst (miðað við fullt álag búnaðar). Hægt er að keyra heitloftþurrkarana ýmist á olíu eða rafmagni. Þegar keyrt er á rafmagni eru þurrkararnir hitaðir upp með gufu- og rafmagnsvarmaskiptum. Gufuvarmaskiptir hvors þurrkara er 2,4 MW og rafmagnvarmaskiptir 3,6 MW.
- 5.3 **Hreinsibúnaður frárennslis:** Fituskilja er með afköst upp á u.þ.b. 70 m<sup>3</sup>/klst, forsíun að henni er með færiband, möskvastærð 1 mm
- 5.4 **Sjóðarar:** Þrjú sjóðarar eru í verksmiðjunni, afkastgeta á hverjum fyrir sig 600 – 700 tonn hráefni á sólahring. Jafnframt eru fjórir forsjóðarar með samtals hitaflöt upp á 470 m<sup>2</sup>. Þeir eru hitaðir upp með glatvarma.
- 5.5 **Pressur:** Þrjú pressur eru í verksmiðjunni, hver með afköst upp á u.þ.b. 650 tonn af hráefni á sólahring.
- 5.6 **Skilvindur:** Tvær Westfalia SA 90 vélar á gróflýsi, tvær Alfa Laval 417 og ein Westfalia SA 100 á soðlýsi og ein Alfa Laval 517 á soðkjarna.
- 5.7 **Mjöltilvindur:** Ein Westfalia 635 og ein Westfalia 505.
- 5.8 **Blóðvatnsgeymar:** Löndunarvökvi 2 x 20 m<sup>3</sup>, blóðvatn 2 x 50 m<sup>3</sup>, 2 x 25 m<sup>3</sup> og einn 63 m<sup>3</sup>.
- 5.9 **Hráefnisgeymslur:** 2 x 2500 m<sup>3</sup> og 2 x 1100 m<sup>3</sup>
- 5.10 **Soðeimingatæki:** Endurþjöppunartæki með eimingarafköst upp á 28 m<sup>3</sup>/klst og glatvarmasoðeimingatæki með eimingarafköst upp á 9 m<sup>3</sup>/klst
- 5.11 **Lýsisgeymar:** 3 x 1400 m<sup>3</sup> og 1 x 2900 m<sup>3</sup>
- 5.12 **Olíubirgðargeymir:** Er í eigu Olíudreifingar og á þeirra athafnasvæði.
- 5.13 **Olíudaggeymir:** Er innan við 10 m<sup>3</sup>, er geymirinn með hæðarrofa, aðvörunarbúnaði og neyðarrofa.
- 5.14 **Mjölgeymsla:** Mjölhús sem tekur um 2000 tonn af mjöli í sekkjum og kössum, mjölturnar 6 x 1000 tonna undir laust mjöl, einnig 4 x 70 tonna daggeymar.

F.h Síldarvinnslunnar hf

Gunnar Sverrisson  
Rekstrarstjóri fiskmjölsverksmiðja.